

VEDURSTOFA ÍSLANDS

**VINDMÆLINGAR Á HÉDINSHÖFÐA
OG VEDURFAR Á HÚSAVÍKURSVÆÐINU**

Flosi Hrafn Sigurðsson
og
Guðrún Magnúsdóttir
tóku saman

Unnið tyrk Staðarvalsnæfnd um lönnrekstur

Reykjavík 1984

VEÐURSTOFA ÍSLANDS

**VINDMÆLINGAR Á HÉÐINSHÖFÐA
OG VEÐURFAR Á HÚSAVÍKURSVÆÐINU**

**Flosi Hrafn Sigurðsson
og
Guðrún Magnúsdóttir
tóku saman**

Unnið fyrir Staðarvalsnefnd um iðnrekstur

Reykjavík 1984

E F N I S Y F I R L I T

INNGANGUR	3
MÆLISTÖÐVAR	4
LOFTHITI	5
ÚRKOMA	8
SNJÓPYNGSLI	12
SNJÓHULA	12
SNJÓDÝPT	13
EÐLISPYNGD SNÆVAR	14
SNJÓPYNGSLI Á ÞÖKUM	15
ÞOKA	16
VINDÁTTIR	17
VINDHRAÐI	20
HÖNNUNARVINDHRAÐI	23
TÖFLUR 14-19 OG MYNDIR 1-19	24
HEIMILDIR	49

I N N G A N G U R

Þ. 12. mars 1981 sendi Staðarvalsnefnd um iðnrekstur Veðurstofu Íslands bréf, en eins og þar er greint frá er nefndin skipuð af iðnaðarráðherra til að kanna hvar helst komi til álita að reisa iðjuver í tengslum við nýtingu á orku og hráefnalindum landsins. Var í bréfinu farið fram á samstarf við Veðurstofuna um athugun á ýmsum þeim þáttum málsins er að veðurfari og almennum náttúruskilyrðum lúta.

Í framhaldi af þessu og viðræðum milli aðila var gerður samningur, dagsettur 3. september 1981, um að Veðurstofan setti upp vindmæla á þremur tilgreindum stöðum og sæi um framkvæmd og úrvinnslu mælinga. Meðal þessara staða var Húsavík, eða næsta nágrenni norðan eða sunnan kaupstaðarins, og skyldu mælingar standa um tveggja ára skeið. Í skýrslu um vindmælingarnar skyldi jafnframt gerða stutt grein fyrir veðurfari samkvæmt mælingum á nálægum veðurstöðvum.

Veðurstofustjóri fól áhaldadeild Veðurstofunnar að vinna að máli þessu. Var vindmælir settur upp að Héðinshöfða norðan Húsavíkur seint í september 1981 og stoðu mælingar fram í október 1983. Fer hér á eftir skýrsla um niðurstöður vindmælinganna og veðurfar á Húsavíkursvæðinu.

MÆLIS TÖÐVAR

Þann 24. september 1981 var síritandi vindáttar- og vindhraðamælir af gerðinni Woelfle-Lambrecht settur upp á bænum Héðinshöfða á Tjörnesi, skammt norðan Húsavíkur og austan Héðinsvíkur. Mælinum var komið fyrir í 2 metra hæð yfir jörðu á túninu nokkurn spöl fyrir neðan íbúðarhúsið, en gæslu hans annaðist Jónas Bjarnason bóndi á Héðinshöfða. Windmælið var tekinn niður og mælingum hætt 27. október 1983. Mælistaðurinn er sýndur á korti á 18. mynd.

Auk windmælinganna á Héðinshöfða eru upplýsingar um veðurfar á Húsavíkursvæðinu byggðar á veðurathugunum á eftirtöldum stöðum: Húsavík, þar sem athugað hefur verið frá 1924; Sandi í Aðaldal, þar sem athuganir hafa verið gerðar frá 1933; Mánárbaðakka, en þar og á Mána hefur verið athugað frá 1956; Staðarhóli, þar sem athuganir hafa farið fram frá 1961; og lokks í Skógargerði við Húsavík, þar sem úrkomumælingar voru gerðar á tímabilinu október 1962 til október 1978. Má sjá afstöðu þessara staða á 19. mynd.

Vegna breytinga á tækjabúnaði og traustari mælinga hefur verið valið að miða upplýsingar um meðalhita og meðalúrkому við tuttugu ára tímabilið 1961-1980, fremur en að styðjast við eldri mælingar, þar sem þær eru fyrir hendi. Hitamælingar fara nú fram í frístæðum hitamælaskýlum í um 2 m hæð frá jörðu og úrkomumælar eru með vindhlíf, en áður voru hitamælingar gerðar í veggskýlum í breytilegri hæð frá jörðu og við breytilegar aðstæður og úrkomumælar voru án vindhlífar.

Rétt er að geta þess að veðurstöðin á Húsavík var í júlí 1971 flutt frá Garðarsbraut 33, þar sem hún hafði lengi verið, að Álfholi 6, þar sem hún er þegar þetta er ritað. Veðurstöðin að Mána var flutt í desember 1961 að nýbýlinu Mánárbaðakka, á sjávarbakkanum skammt norðan Mánár.

L O F T H I T I

Tafla 1 sýnir meðalhita 20 ára tímabilsins 1961-1980 á fjórum veðurstöðvum: Húsavík, Sandi, Mánárbakka og Staðarhóli. Allt þetta tímabil voru hitamælingar gerðar í fristæðum hitamælaskýlum í um 2 m hæð frá jörðu. Ættu mæliniðurstöður því að vera sambærilegar.

Tafla 1. Meðalhiti 1961-1980, °C

Veðurst.	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	ÁR
Húsavík	-1.5	-1.0	-1.1	1.5	5.1	8.6	9.9	9.8	6.6	3.6	0.1	-1.5	3.3
Sandur	-2.9	-2.7	-2.2	0.4	4.2	7.9	9.2	9.1	5.8	2.6	-1.2	-2.8	2.3
Mánarb.	-1.5	-1.2	-1.5	0.7	3.9	7.2	8.6	8.8	6.0	3.2	0.1	-1.5	2.7
Staðarh.	-3.4	-3.0	-2.4	0.5	4.3	8.2	9.2	8.8	5.2	2.0	-1.9	-3.4	2.0

Athygli vekur hversu hlýtt er á Húsavík miðað við næstu veðurstöðvar. Vetrarmánuðina nóvember - febrúar er að vísu álíka milt á Mánárbakka, yst á Tjörnesi, en af samanburði við Sand og Staðarhól er greinilegt að mildandi áhrif hafssins eru veruleg að vetrarlagi. Á sumarhelmingi ársins er meðalhiti allra mánaða hærri á Húsavík en á hinum stöðvunum í töflu 1. Er líklegt að skýringa sé að leita í skjólseld og legu Húsavíkurkaupstaðar. Yfir árið í heild er frá 0.6° til 1.3° hlýrra á Húsavík en á hinum stöðvunum.

Sé meðalhiti áratuganna 1961-1970 og 1971-1980 athugaður kemur í ljós að síðari áratugurinn var í heild hlýrri á öllum stöðunum. Á Húsavík var ársmeðalhitinn 3.2° fyrri áratuginn en 3.5° þann síðari. Á Sandi voru tilsvarandi tölur 2.1° og 2.5° , á Mánárbakka 2.5° og 2.9° og á Staðarhóli 1.8° og 2.2° .

Í töflum 2 og 3 er gerð nokkur grein fyrir hámarks- og lágmarkshita á Húsavík. Sýnir fyrri taflan meðaltöl daglegra gilda á sama 20 ára tímabili og áður og enn fremur mismun þessara gilda.

Tafla 2. Meðaltöl daglegs hámarks- og lágmarkshita á Húsavík, 1961-1980,
^{°C.}

	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	ÁR
Hámark	1.0	1.5	1.6	4.5	8.4	11.9	13.2	12.8	9.6	6.1	2.4	1.2	6.2
Lágmark	-4.1	-3.8	-4.0	-1.6	1.9	5.3	7.0	6.8	3.9	1.1	-2.6	-4.1	0.5
Mismunur	5.1	5.3	5.6	6.1	6.5	6.6	6.2	6.0	5.7	5.0	5.0	5.3	5.7

Mismunur daglegs hámarks- og lágmarkshita skýrist að hluta til af reglubundinni daglegri hitasveiflu sem er hverfandi lítil á Íslandi um háveturinn en mjög veruleg þegar létt skyjað er og hægviðri að sumarlagi. Að öðrum hluta endurspeglar þessar tölur óreglulegar hitasveiflur vegna veður- og vindáttarbreytinga og breytilegs uppruna aðstreymandi lofts. Er þessi síðari þáttur allsráðandi að vetrarlagi. Að sumrinu ræðst daglegur gangur hitans hins vegar mest af geislun og skyjafari. Eins og sjá má í töflu 3 er heildarniðurstaðan sú að mismunur meðalhámarks- og meðallágmarkshita breytist tiltölulega lítið frá mánuði til mánaðar. Mismunurinn er þó heldur meiri að vor- og sumarlagi en að haust- og vetrarlagi.

Tafla 3 sýnir hæsta og lægsta hitastig sem mælst hefur í hverjum mánuði ársins á Húsavík á 20 ára tímabilinu 1961-1980.

Tafla 3. Hæsta gildi daglegs hámarkshita og lægsta gildi daglegs lágmarkshita, sem mældist á Húsavík 1961-1980, ^{°C}

	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	ÁR
Hæsta	11.1	12.3	13.3	17.7	21.0	25.4	24.9	24.6	22.4	19.0	15.5	13.0	25.4
Lægsta	-18.0	-16.5	-21.2	-17.4	-9.8	-3.5	0.5	0.3	-5.8	-10.2	-15.0	-16.0	-21.2
Mismunur	29.1	28.8	34.5	35.1	30.8	28.9	24.4	24.3	28.2	29.2	30.5	29.0	46.6

Hæsta hitastig sem mældist á Húsavík á þessu 20 ára tímabili var 25.4° , mælt í júní 1974, en mesta frost -21.2° mælt í mars 1969. Mismunurinn er 46.6° . Mestur munur í sama mánuði mældist í apríl, 35.1° , en í þeim mánuði getur hiti orðið mikill eins og hámarkið 17.7° sýnir og býsna kalt eins og lágmarkið -17.4° ber vott um.

Vekja má athygli á því að í öllum mánuðum ársins hefur hámarkshiti orðið hærri en 11° og í mánuðunum maí-október hefur hann orðið 19° eða hærri. Frost hefur á þessu árabili komið fyrir í öllum mánuðum nema júlí og ágúst. Er þá miðað við mælingar í hitamælaskýli í 2 metra hæð yfir jörðu. Við jörð má hins vegar gera ráð fyrir að frost geti komið í öllum mánuðum ársins á Húsavík.

Verulegar sveiflur eru frá ári til árs á dagsetningu síðasta frosts að vori og fyrsta frosts að hausti í 2 metra hæð. Á árabilinu 1961-1980 hefur síðasta frost vorsins á Húsavík verið frá 27. apríl til 19. júní, en að meðaltali 23. maí. Fyrsta frost haustsins hefur hins vegar komið á tímabilinu 8. september til 18. október og meðaldagsetningin er 27. september. Að meðaltali hefur því verið frostlaust í mannhæð frá 24. maí til 26. september.

ÚRKOMA

Til upplýsingar um úrkumumagn á Húsavíkursvæðinu er í töflu 4 sýnd meðalúrkoma á fimm veðurstöðvum á 20 ára tímabilinu 1961-1980, en á þessu tímabili voru vindhlífar á úrkumumælum á öllum stöðvunum. Á úrkumumælistöðinni Skógrgerði skammt ofan við Húsavík voru mælingar aðeins gerðar í 16 ár frá október 1962 til október 1978 og niðurstöður því verið umreiknaðar til tímabilsins 1961-1980 með samanburði við veðurstöðina á Húsavík. Á Staðarhóli vantar fyrstu 10 mánuði ársins 1961 og hafa samskonar umrekningar því verið gerðir fyrir þá stöð. Loks vantar 4 mánaða mælingar á Húsavík árin 1965-1966 og var bætt úr því með samanburði við Skógrgerði.

Tafla 4. Meðalúrkoma 1961-1980, mm

Veðurstöð	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	ÁR
Húsavík	75	56	58	51	34	44	64	66	79	88	95	80	790
Skógrgerði	94	64	76	70	41	51	66	70	92	97	115	95	931
Sandur	40	31	36	27	26	47	52	52	72	71	58	47	559
Mánárbakki	36	25	31	26	27	51	60	61	70	62	49	43	541
Staðarhóll	52	43	52	38	32	41	47	52	60	63	78	68	626

Eins og taflan sýnir er úrkumumagn minnst á vorin og eigi að nefna einn mánuð í því sambandi er það maí. Mest er úrkoman hins vegar á haustin. Ekki er fjarri lagi að um 40 af hundraði ársúrkomunnar falli að jafnaði á fyrri helmingi ársins en um 60 af hundraði á síðari helmingi þess.

Tiltölulega lítill munur var á meðalársúrkому þá tvo áratugi sem taflan nær yfir. Þannig var hún 780 mm á Húsavík fyrri áratuginn, en 800 mm hinn síðari. Er þetta lítið eitt minna en meðalársúrkoma í Reykjavík. Á Sandi voru tilsvarandi tölur 548 mm fyrri áratuginn en 570 mm þann síðari og á Mánárbakka voru tölurnar 544 og 539 mm.

Gagnlegt er að þekkja mestu og minnstu mánaðar- og ársúrkому sem komið hefur fyrir á löngu árabili. Í töflu 5 er að finna slíkar upplýsingar fyrir veðurstöðina á Húsavík á 50 ára tímabilinu 1931-1980.

Tafla 5. Mesta og minnsta mánaðar- og ársúkoma á Húsavík 1931-1980, mm.

	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	ÁR
Mest	187	148	111	107	106	140	162	205	205	248	180	183	1079
Minnst	1	4	6	0	0	1	7	9	2	5	0	9	249

Eins og taflan sýnir geta úrkomulausir mánuðir eða því sem næst, komið fyrir hvenær ársins sem er. Hæstu tölurnar, yfir 200 mm mánaðarúkoma, koma hins vegar fyrir í ágúst-október, og í öllum mánuðum ársins hefur yfir 100 mm mánaðarúrkoma mælst á Húsavík.

Áhugavert er að vita í grófum dráttum hve mikill hluti úrkomunnar fellur sem regn, snjór eða slydda. Sumarmánuðina júní-ágúst fellur meginhluti úrkomu á Húsavík sem regn þótt slydda komi fyrir og stöku sinnum snjór. Haustmánuðina september-október flokkast álíka mikill hluti úrkomunnar sem regn og slydda, en snjór er lítill, jafnvel í október. Í nóvember er hluti regns hins vegar orðinn lítill og snjór og slydda eiga álíka mikinn hlut. Vetrarmánuðina desember-mars er snjór yfirgnæfandi og regn lítið, en hlutur slyddu er umtalsverður. Í apríl og maí skiptist úrkoman sem næst jafnt í snjó og slyddu, en hluti regns er lítill, en þó vaxandi í maí. Rétt er að taka fram að hér er lýst meðalástandi samkvæmt veðurathugunum á Húsavík áratuginn 1971-1980, en einstaka mánuði eða ár getur skipting verið á annan veg. Þessi skipting er háð hæð og fjarlægð athugunarstaðar frá sjó og er því breytileg frá einni veðurstöð til annrar, þótt í sama landshluta sé. Varðandi hlut slyddu er þess og að geta að regn og snjókoma á sama sólarhring hefur við úrvinnsluna verið talið sem slydda og eykur það að sjálfsögðu verulega hennar hluta.

Ekki hafa farið fram á Húsavík eða nálægum stöðum neinar mælingar á úrfelli á stuttum tímabilum t.d. 10 mínútum, 20 mínútum eða einni klukkustund. Í töflu 6 er hins vegar að finna mestu sólarhringsúrkому sem fallið hefur í hverjum mánuði ársins á fimm veðurstöðvum á árabilinu 1961-1980. Eins og fram kemur í upphafi þessa kafla vantar nokkuð á að mælingar séu til fyrir allt tímabilið á sumum stöðvanna. Í Skógargerði er þannig aðeins um hámarkstölur að ræða á 16 ára tímabilinu október 1962 - október 1978.

Tafla 6. Mesta sólarhringsúrkoma 1961-1980, mm

<u>Veðurstöð</u>	<u>J</u>	<u>F</u>	<u>M</u>	<u>A</u>	<u>M</u>	<u>J</u>	<u>J</u>	<u>Á</u>	<u>S</u>	<u>O</u>	<u>N</u>	<u>D</u>	<u>ÁR</u>
Húsavík	56	39	28	32	24	36	49	82	62	64	49	41	82
Skógarði	42	40	27	42	25	28	46	84	65	66	56	35	84
Sandur	23	20	19	20	21	34	41	72	41	56	49	28	72
Mánárbakki	15	19	17	32	22	26	42	40	65	37	25	19	65
Staðarhóll	28	25	25	32	31	17	31	99	43	41	40	39	99

Hæstu gildin falla á mánuðina ágúst-október og alhæstu gildin hafa verið í ágúst á flestum stöðvanna. Þar sem tímabilið er ekki langt, aðeins 20 ár, kann tilviljun hér að ráða nokkru.

Fyrir Húsavík hefur fádæmadreifing Gumbels verið notuð til að reikna á grundvelli mælinga áranna 1961-1980 hámarksgildi sem líkur eru til að sólarhringsúrkoma fari að jafnaði yfir einu sinni á ákveðnu árabili 5, 10, 20, 30 og 50 árum. Eru niðurstöðurnar í töflu 7.

Tafla 7. Gildi, sem líkur eru til að sólarhringsúrkoma fari yfir einu sinni á tilteknu árabili, mm

<u>Veðurstöð</u>	<u>5 ára</u>	<u>10 ára</u>	<u>20 ára</u>	<u>30 ára</u>	<u>50 ára</u>	<u>Hæsta mælt</u>
	<u>gildi</u>	<u>gildi</u>	<u>gildi</u>	<u>gildi</u>	<u>gildi</u>	<u>gildi 1961-80</u>
Húsavík	57	68	78	83	90	82.3

Eins og taflan ber með sér eru líkur til að sólarhringsúrkoma fari einu sinni á 50 árum yfir 90 mm. Í Skógarði er tilsvarandi tala 101 mm og á Sandi í Aðaldal 80 mm.

Sólarhringur er talinn úrkomudagur ef úrkoma mælist a.m.k. 0.1 mm. Í töflu 8 er að finna upplýsingar um meðalfjölda úrkomudaga á Húsavík á árabiliðu 1961-1980.

Tafla 8. Meðalfjöldi úrkomudaga á Húsavík 1961-1980

<u>J</u>	<u>F</u>	<u>M</u>	<u>A</u>	<u>M</u>	<u>J</u>	<u>J</u>	<u>Á</u>	<u>S</u>	<u>O</u>	<u>N</u>	<u>D</u>	<u>ÁR</u>
19	5	19	15	13	13	15	15	16	20	20	21	201

Til samanburðar má geta þess að á sama tímabili var fjöldi úrkomudaga að meðaltali 195 á ári á Mánárbakka, 198 á Staðarhóli, en að því er virðist nokkru minni eða 176 á Sandi í Aðaldal. Þau 16 ár sem úrkomumælingar voru gerðar í Skógargerði við Húsavík reyndust úrkomudagar þar að meðaltali 4 fleiri á ári en á veðurstöðinni á Húsavík.

Gagnlegt getur verið að vita hvernig dagar flokkast að jafnaði eftir úrkomumagni og slíkar upplýsingar er að finna í töflu 9.

Tafla 9. Flokkun sólarhringa eftir úrkomumagni á Húsavík á tímabilinu október 1964 - desember 1980, %

Tímabil	Flokkun úrkomu			Magn mælanlegrar úrkomu, mm		
	Engin	Ómælanleg	Mælanleg	0.1-1.0	1.0-10.0	> 10.0
Febrúar	36	8	56	23	28	5
Máí	51	9	40	21	16	3
Ágúst	44	8	48	20	23	5
Nóvember	27	5	68	23	36	9
Árið	37	7	56	22	29	5

Eins og taflan sýnir hefur engrar úrkomu orðið vart 37% af sólarhringum ársins, breytilegt frá 27% í nóvember til 51% í maí sem að jafnaði er þurrasti mánuðurinn. Úrkomuvottur, en þó ekki í mælanlegu magni, hefur verið 7% af sólarhringum ársins. Dagar með mælanlega úrkomu eru svo 56% og skiptast þannig að 22% sólarhringa er úrkomumagn á bilinu 0.1-1.0 mm, 29% á bilinu 1.1-10.0 mm, en 5% sólarhringa er úrkomumagn yfir 10.0 mm.

Á tímabilinu nóvember-apríl fellur annað hvort snjór eða slydda langflesta úrkomudaga á Húsavík. Flestir úrkomudagar þar eru því jafnframt snjókomudagar á þessu 6 mánaða tímabili ársins.

S N J Ó P Y N G S L I

Snjóhula

Snjóhula er athuguð kl. 9 að morgni á íslenskum veðurstöðvum. Um gróft mat er að ræða, en athugað er í fjórðuhlutum og tölurnar 0 til 4 notaðar til lýsingar. Merkir 0 þannig alauða jörð, 2 hálfhvít, en 4 alhvít jörð. Í töflu 10 hafa snjóhuluathuganir á Húsavík verið umreiknaðar í % af mestri hugsanlegri snjóhulu, sem fram kæmi, ef alhvít væri alla daga.

Tafla 10. Snjólag á Húsavík, %

Tímabil	Nóv.-												Apr.
	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	
1961-1980	79	79	70	60	21	1	.	.	3	25	66	78	72
1931-1960	71	73	72	59	16	2	.	.	2	23	45	64	64

Eins og taflan ber með sér eru snjólagstölurnar hæstar yfir háveturinn, þ.e. mánuðina desember-mars, en þær eru einnig háar í nóvember og apríl, og sex mánaða tímabilið nóvember-apríl því snjóatími á Húsavíkurkvæðinu.

Til frekari upplýsinga er í töflu 11 að finna tölur um meðalfjöldi alhvíttra daga á Húsavík á árabilinu 1961-1980.

Tafla 11. Meðalfjöldi alhvíttra daga á Húsavík 1961-1980

Tímabil	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	ÁR
1961-80	17.5	17.5	16.1	10.0	3.1	0.1	-	-	0.4	4.6	15.8	18.0	103.1

Allmikið sveiflast frá ári til árs hvenær fyrst verður alhvít að hausti og hvenær síðast að vori. Á því 20 ára tímabili sem hér um ræðir varð að meðaltali alhvít fyrst á Húsavík þ. 16. október, en fyrir komu dagsetningar frá 13. september til 9. nóvember. Alhvít síðast var hins vegar að meðaltali 8. maí, og fyrir komu dagsetningar frá 26. febrúar til 22. júní. Alauð eftir veturinn varð jörð að meðaltali 25. maí og dagsetningar reikuðu frá 18. apríl til 24. júní.

Snjódýpt

Vegna skaflamyndunar og skafrennings eru snjódýptarmælingar mjög erfiðar í vindasömu og berangurslegu landi, og snjóalög og snjódýpt mjög háð samverkandi áhrifum winds, landslags og mannvirkja.

Því miður eru ekki fyrir hendi umtalsverðar snjódýptarmælingar frá Húsavík og engar frá Skógargerði. Ljóst er þó, t.d. af myndum, að snjóþyngsli geta orðið mikil á Húsavík. Til að gefa nokkra hugmynd um niðurstöður mælinga á nálægum veðurstöðvum má nefna útreikninga sem annar höfunda gerði á árinu 1978 á gildum sem ætla má að snjódýpt fari yfir einu sinni á tilteknu árabili, 5, 10, 20 og 50 árum. Voru útreikningar þessir gerðir samkvæmt mældu hámarksgildi snjódýptar hvers vetrar og fádæmadreifingu Gumbels. Niðurstöður er að finna í töflu 12. Þær gefa upplýsingar um líkleg hámarksgildi meðalsnjódýptar á sléttlendi, en ekki mestu snjódýpt í sköflum eða hengjum.

Tafla 12. Gildi sem snjódýpt fer yfir einu sinni á tilteknu árabili, cm

Veðurstöð	Tímabil, sem byggt er á	Hæsta mælt gildi á				
		5 ára gildi	10 ára gildi	20 ára gildi	50 ára gildi	mælinga- tímbilinu
Sandur í Aðaldal	28 veturnar árunum 1937-1970	72	85	98	114	100
Mánárbaeki	21 veturnar árunum 1956-1977	57	69	81	97	85
Staðarhóll	16 veturnar árunum 1961-1977	85	103	121	144	125
Garður í Kelduhverfi	15 veturnar árunum 1962-1977	120	148	175	210	180
Sandhaugar í Bárðardal	15 veturnar árunum 1962-1977	146	175	204	241	174

Við mat á þessum gildum er rétt að hafa í huga áðurnefnda erfiðleika á snjódýptarmælingum sem og breytileika snjódýptar frá stað til staðar. Þá er og rétt að geta þess að venjulega er talið að helst þurfi um það bil 20 ára mælingar eða meira til að beita megi fádæmadreifingu Gumbels með særilegu öryggi. Fremur ber því að líta á tölurnar sem grófa drætti heildarmyndar en sem upplýsingar um einstaka staði. Að því er Húsavíkur-svæðið varðar er rétt að vekja athygli á að mun meiri úrkoma mælist að jafnaði á Húsavík og í Skógarßerði en á veðurstöðvunum í töflunni og bendir það til snjóþyngsla á Húsavík.

Eðlisþyngd snævar

Auk snjódýptar skiptir eðlisþyngd eða vatnsgildi snævar sköpum um þann snjóbunga sem hvílir á hverjum fermetra lands eða mannvirkis. Því miður er ekki kunnugt um neinar reglubundnar mælingar á eðlisþyngd snævar á jörðu á Húsavíkursvæðinu og raunar eru slíkar mælingar mjög af skornum skammti á Íslandi yfirleitt. Helst er að nefna mælingar þær sem gerðar hafa verið á veðurstöðinni á Hveravöllum á Kili um nær tveggja áratuga skeið.

Ekki er því úr vegi að huga að erlendri reynslu. Sérstaklega þykir athyglisverð líking sem byggð er á rússneskum rannsóknnum og getið er í bók D. Ghiocel og D. Lungu: "Wind, Snow and Temperature Effects on Structures Based on Probability", bls 347 í enskri útgáfu frá 1975, en hana má rita svo:

$$q = 250 + h + 6 t_w$$

þar sem q er eðlisþyngd snævar í kg/m^3 , h er snjódýpt í cm, en t_w er meðalhiti þriggja köldustu mánaða vetrar í $^{\circ}\text{C}$. Eins og líkingin ber með sér er gert ráð fyrir að eðlisþyngd snævar fari vaxandi með snjódýpt, en minnkandi með vaxandi frostþörku þriggja köldustu mánaða vetrar. Þar sem meðalhiti þriggja köldustu mánaða ársins á Húsavík er um það bil -1°C er síðasti liður líkingarinnar hverfandi eða um -6 . Samkvæmt líkingunni verður því eðlisþyngd 100 cm þykks snjólags $250 + 100 - 6 = 344 \text{ kg/m}^3$ og á tilsvarandi hátt verður eðlisþyngd 200 cm þykks snjólags 444 kg/m^3 .

Til að finna hönnunarálag af völdum snævar virðast þessar tölur síst of háar, þegar borið er saman við mælingar á Hveravöllum. Þar hefur þráfaldlega komið fyrir að mjög þykkt snjólag hafi haft meðaleðlisþyngd á bilinu $400\text{-}500 \text{ kg/m}^3$.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á sérstöðu Íslands meðal snjóalandra, en hún felst í óvenjulega mildum vetrum. Hér eru því vetrarhlákur tíðar og oft rignir ofan í snjó, þótt aftur bregði svo til snjókomu og frosta. Getur þetta aukið mjög á eðlisþyngd snjólagsins á jörðinni.

Snjóþyngsli á þökum

Snjóálag á flötum þökum fer auk snjódýptar á jörðu og eðlisþyngdar snævar mjög eftir affoki en það er oft mjög mikil á Íslandi vegna mikils vindhraða. Vísast um þetta sem og áhrif þakhalla til Íslensks staðals ÍST 12.4 um snjóálag. Ekki er kunnugt um að kerfisbundnar mælingar hafi farið fram á snjósöfnun á flötum þökum á Íslandi.

POKA

þar sem þokur eru fremur tíðar á Húsavíkursvæðinu þykir rétt að fjalla stuttlega um það efni, en þoka er það kallað þegar örsmáir vatnsdropar eða ískristallar svífa í loftinu og draga svo úr skyggni að það fer niður fyrir 1000 metra.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að almenningur notar orðið þoku án nákvæmrar skyggnisviðmiðunar og talar þannig oft um þoku, þótt skyggni sé t.d. 2 eða 3 km. Á veðurstöðvum veldur þetta oft nokkurri ofskráningu á þoku, og er reynt að sjá við því á Veðurstofunni með því að skilja frá rangar þokuathuganir þegar skyggni hefur samtímis verið áætlað meira en 1000 metrar. Því miður er ekki hægt að leiðréttu á þennan hátt ranga þokuskráningu milli athugunartíma, því að samtíma skyggnisathugun er þá ekki fyrir hendi. Er því torvelt að koma að fullu í veg fyrir ofmat á tíðni þoku og misrämi milli veðurstöðva. Upplýsingar um meðalfjölda þokudaga á Húsavík á tveimur tímabilum 1961-1980 og 1931-1960 er að finna í töflu 13.

Tafla 13. Meðalfjöldi þokudaga á Húsavík 1961-1980 og 1931-1960.

Tímabil	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D	ÁR
1961-80	0.2	0.6	1.0	2.9	3.1	3.4	4.7	4.0	2.9	1.8	0.5	0.3	25.4
1931-60	0.1	0.2	0.7	0.8	3.1	4.9	8.0	6.6	3.3	1.0	0.5	0.4	29.6

Eins og taflan ber með sér er þokan tíðust á Húsavík að sumarlagi. Þess er að gæta að fjöldi þokudaga er mjög breytilegur frá einu ári til annars og mikill breytileiki getur verið milli nálægra staða, enda þokan oft staðbundin. Á tuttugu ára tímabilinu 1961-1980 urðu þokudagar á Húsavík þannig flestir 69 á árinu 1971, en þá voru þokudagar taldir 26 á Mánár-bakka og 19 á Sandi í Aðaldal. Hins vegar var engin þokudagur skráður á Húsavík á árinu 1980, en þá voru þokudagar 11 á Mánár-bakka og 7 á Sandi.

V I N D Á T T I R

Eins og fram kemur hér að framan í kaflanum um mælistöðvar voru vindáttar- og vindhraðamælingar í 2 m hæð síritaðar á Héðinshöfða um tveggja ára skeið. Unnið var úr vindritunum í áhaldadeild Veðurstofunnar í Reykjavík og lesin úr þeim réttvísandi vindátt átta sinnum á sólarhring á alþjóðlegum veðurathuganatímum kl. 00, 03, 06, 09, 12, 15, 18 og 21 eftir íslenskum staðaltíma, en hann fellur saman við meðaltíma í Greenwich (GMT). Úr síritunum voru einnig lesin klukkutímagildi vindhraða klukkan 00-01, 03-04, 06-07, 09-10, 12-13, 15-16, 18-19 og 21-22 eftir ísl. staðaltíma.

Gerð er grein fyrir niðurstöðum vindáttarmælinganna með vindrósum á 1.-6. mynd. Eru vindáttirnar þar sýndar í tugum gráða og tíðni þeirra í %. Ennfremur er tíðni vindáttá sýnd í töflum 14-16, en þar er áttahríngnum skipt í 12 þrjátíu gráðu geira og þeir táknaðir með N, N30°A, N60°A, A, A30°S o.s.frv. Sýna þessar töflur tíðnidreifingu vindhraða eftir vindátt og ennfremur meðalvindhraða í hverri átt, en hann er einnig sýndur nánar á 16. mynd.

Rétt er að vekja athygli á, að það leiðir af gerð vindmælisins sem notaður var að logn kemur ekki fram heldur skráist með þeirri vindátt sem var næst á undan.

Á 1. mynd sýna tvær vindrósir tíðni vindáttá fyrir árið í heild. Ytri vindrósin með heildregnum línum er byggð á öllum mælingum án tillits til vindhraða en sú innri með brotnum línum nær eingöngu til þeirra tilvika þegar vindhraði hefur verið meiri en 5.0 m/s. Tíðasta vindáttin er 150 gráður réttvísandi með tæplega 7.0% allra tilvika og þar af 5.2% með vindhraða yfir 5.0 m/s. Áberandi er hvað suðlægir og suðsuðaustlægir vindar eru tíðir, en í 40 gráðu geira, 145-185 gráður, falla 22.5% athugana. Næstir að tíðleika eru vindar milli norðurs og norðnorðausturs en í 40 gráðu geira, 355-035 gráður, falla 17.8% athugana. Sjaldgæfastar eru hins vegar vest-suðvestlægu áttirnar 250-260 gráður með 0.5% tilvika hvor og í 80 gráðu geira, 215-295 gráður réttvísandi, falla aðeins 6.6% tilvika.

Á 2. mynd eru á tilsvvarandi hátt sýndar vindrósir fyrir vetrarhelming ársins, mánuðina október-mars. Tíðust er sem fyrr vindáttin 150 gráður réttvisandi með 9.5% tilvika, þar af 7.6% allra tilvika með vindhraða yfir 5.0 m/s. Í 50 gráðu geira frá suðaustri til suðurs, 135-185 gráður, féll rúmur þriðjungur tilvika eða 33.8%. Rétt er að vekja sérstaklega athygli á norð-norðaustlægu áttinni 030 gráðum með 5.4% athugana, þar af 4.2% með vindhraða yfir 5.0 m/s. Í 80 gráðu geirann frá 215-295 gráður komu hins vegar aðeins 4.0% athugana.

Á 3. mynd eru á sama hátt sýndar vindrósir fyrir sumarhelming ársins, mánuðina apríl-september. Yfirgnæfandi tíðust er nú hrein norðanátt, 360 gráður, með 8.7% athugana, en aðeins 2.3% með vindhraða yfir 5.0 m/s. Í 30 gráðu geira, 345-015 gráður, féllu 18.3% tilvika og í 70 gráðu geira, 325-035 gráður, komu 35.2%. Áttir frá suð-suðaustri til suðurs voru einnig tíðar og í 40 gráðu geirann 145-185 gráður féllu 16.5% athugana. Áttir frá suðvestri til vesturs eru hins vegar fátíðastar átta og yfirleitt mjög lygnar á Héðinshöfða. Í 80 gráða geirann 215-295 gráður féllu þannig samtals aðeins 9.1% athugana á sumarhelmingi ársins.

Reglubundinn daglegur gangur í tíðleika vindáttanna er lítill að vetrinum, en á sumarhelmingi ársins er hann mikill eins og sjá má á 4. mynd. Myndin sýnir með heildregnum línum tíðleika áttanna að deginum kl. 12, 15 og 18, en með brotnum línum tilsvvarandi tíðleika að nóttu kl. 00, 03 og 06 eftir íslenskum staðaltíma. Fram kemur að norðlægar og norð-norðvestlægar áttir eru tíðastar að deginum, en áttir milli suðurs og austurs eru miklu tíðari að nóttu en degi. Þessu veldur að sjálfsögðu sólfarsvindur, hafgola að deginum en landgola á nóttunni.

Á 5. mynd er gerð nánari grein fyrir hafgolunni á daginn að hásumrinu. Ytri og heildregna vindrósin sýnir tíðleika vindáttanna kl. 12, 15 og 18 í mánuðunum júní, júlí og ágúst. Innri vindrósin sýnir á tilsvvarandi hátt tíðleikann þegar vindhraði er yfir 5.0 m/s á sama tímabili. Fram kemur að yfirgnæfandi tíðust hafgoluáttu er hrein norðanátt með 18.3% tilvika en í 50 gráðu geirann 325-015 gráður fellur tæpur helmingur allra athugana eða 47.3% á þessum athugunartímum að hásumrinu.

Á 6. mynd er svo gerð nánari grein fyrir landgolu að nóttunni yfir hásumarið eða kl. 00, 03 og 06 eftir íslenskum staðaltíma. Samanburður við 5. mynd sýnir að allar áttir frá 030 til 190 gráður eru tíðari að nóttu en degi og í 80 gráða geirann 105-185 gráður falla 40.8% athugana á þessum næturtínum að hásumrinu. Tíðastar eru áttirnar 180 og 170 gráður með samtals 15.5% tilfella.

Áraskipti eru talsverð í tíðleika vindáttá, þótt ætla verði að aðal-einkenni vindáttadreifingarinnar komi oftast skyrt fram í tveggja ára mælingum enda móta óbreytanlegir hlutir eins og landslag og lega strandlengju hana mjög.

Til að kanna hvort um afbrigðilegt mælingatímabil hafi verið að ræða að því er tíðleika vindáttá varðar, hefur verið gerður samanburður á veðurstöðvunum Húsavík, Sandi og Mánárbakka og tímabilið borið saman við tíu ára tímabilið 1971-1980. Er þessi samanburður sýndur fyrir Mánárbakka á 7.-9. mynd, Húsavík á 10.-12. mynd og Sand á 13.-15. mynd. Tímabilið virðist ekki afbrigðilegt á þessum þremur næstu veðurstöðvum og því ekki ástæða til að ætla að svo hafi verið á Héðinshöfða.

Í þessu sambandi er þess að geta að vindáttamælir hefur ekki verið á þessum þremur veðurstöðvum. Er því um mat veðurathugunarmanna að ræða og vindáttin áætluð í 16 áttum (N, NNA, NA o.s.frv.). Þess er og að geta að á Húsavík og Sandi er einungis athugað að deginum, kl. 09, 15 og 21 eftir íslenskum staðaltíma og hefur það veruleg áhrif á vindrósirnar að sumarlagi. Á Mánárbakka eru athugunartímar sex, kl. 06, 09, 15, 18, 21 og 24.

Vindrósirnar gefa glöggar upplýsingar um vindáttadreifingu á Húsavíkur-svæðinu og næsta nágrenni þess. Jafnframt sýna þær mikinn mun frá stað til staðar. Er í því sambandi rétt að vekja sérstaklega athygli á muninum milli Mánárbakka yst á Tjörnesi og Sands í utanverðum Aðaldal. Á einni veðurstöðinni, Húsavík, eru umtalsverðir erfiðleikar á vindáttar-athugun vegna truflandi áhrifa frá nálægum húsum, en svo er víða í þéttbýli. Þar virðist þess og gæta að fremur séu notaðar aðaláttirnar átta N, NA, A, SA, S, SV, V og NV heldur en milliáttirnar NNA, ANA, ASA SSA o.s.frv.

V I N D H R A Ð I

Niðurstöður vindhraðamælinga á Héðinshöfða á tímabilinu 1. október 1981 til 30. september 1983 eru sýndar í töflum 14-19 og á mynd 16. Er þar um klukkutímagildi vinhraða að ræða í 2 metra hæð yfir jörðu. Bent skal á að klukkustund er óvenju langur miðlunartími og venjulegra er í veðurþjónustu að nota 10 mínútur. Einnig er hæð yfir jörð óvenju lítil og venjulegra að vindhraðamælar séu í 10 m hæð yfir jörð. Þessi atriði bæði réðust af gerð vindmælisins og valda því að há vindhraðagildi koma sjaldnar fyrir en ella myndi. Rétt er og að geta þess að vegna gerðar vindmælisins og skráningaraðferða kemur logn ekki fyrir heldur telst sem mjög hægur vindur af þeirri átt sem næst var á undan.

Í töflu 14 er sýnd dreifing winds eftir hraða og réttvísandi áttum fyrir árið í heild. Áttahringnum er skipt í 12 þrjátíu gráða geira og fyrir hvern þeirra er sýnd gróf vindhraðadreifing auk meðalvindhraða í geiranum. Eins og taflan sýnir reyndist meðalvindhraði alls ársins í 2 metra hæð vera 6.0 m/s á Héðinshöfða. Í tæpum helmingi tilvika eða 49.7% voru klukkustundargildi á bilinu 0-5.0 m/s, í 33.1% tilvika voru þau á bilinu 5.1-10.0 m/s en meiri en 10.0 m/s var vindhraðinn í 17.2% tilfella. Af 30 gráða geirunum var meðalvindhraði hæstur, 7.4 m/s, í geirunum S og A60°S, en lægstur, 3.5 m/s, í S60°V og 3.7 m/s í A.

Í töflu 15 er á sama hátt að finna upplýsingar um vetrarhelming ársins, mánuðina október-mars. Meðalvindhraði reyndist þá vera 7.2 m/s. Hæstur var hann í geiranum N, 8.6 m/s, en litlu lægri eða 8.5 m/s í V30N og V60N og 8.4 m/s í geiranum S. Lægstur geiranna var hins vegar A með 4.3 m/s. Af klukkustundargildum vindhraðans voru nú 37.2% á bilinu 0-5.0 m/s, 35.6% á bilinu 5.1-10.0 m/s og 27.2% voru með hærri vindhraða en 10.0 m/s.

Í töflu 16 er fjallað um summarhelming ársins, mánuðina apríl-september, og var meðalvindhraði þá 4.7 m/s eða 2.5 m/s lægri en á vetrarhelmingi ársins. Í 62.5% tilvika var meðalvindhraði á bilinu 0-5.0 m/s, 30.4% voru á bilinu 5.1-10.0 m/s, en aðeins 7.1% voru með meiri vindhraða en 10.0 m/s. Hvassasta áttin var A60°S með meðalvindhraða 6.2 m/s, en lægstur var meðalvindhraði í geirunum V, 2.2 m/s, V60°S, 2.7 m/s og A, 2.8 m/s.

Í töflu 17 er fyrir hvern mánuð ársins sýndur meðalvindhraði átta klukkustunda sólarhringsins kl. 00-01, 03-04 ... 21-22 eftir íslenskum staðaltíma. Á svo stuttu mælingatímabili sem hér um ræðir truflast reglubundinn daglegur gangur vindhraðans nokkuð af áhrifum óreglubundinna vindhraðabreytinga sem m.a. tengjast hreyfingu vindstrengja, lægða og skilflata. Veldur þetta lítils háttar óreglu í daglegum gangi mánaðar-meðaltalanna. Ljóst er þó að á vetrarhelmingi ársins er reglubundin dagleg sveifla mjög lítil. Kemur þetta fram í því að fyrir mánuðina október-mars sem heild, er munur á hæsta og læsta meðalgildi klukkustundanna aðeins 0.3 m/s. Að sumarlagi er munurinn hins vegar meiri og munur á hæsta og lægsta meðalgildi í maí var 1.7 m/s.

Í töflu 18 og 19 er leitað daglegrar sveiflu í vindhraðadreifingunni á vetrar og sumarhelmingi ársins. Kemur tiltölulega lítil reglubundin dagleg sveifla fram, þótt merkja megi hana á sumarhelmingi. Tiltölulega hægur vindur á bilinu 0-5.0 m/s er tíðastur kl. 06-07 á sumarhelmingi, 66.7% tilfella, en sjaldgæfastur kl. 15-16, 55.1%. Vindur á bilinu 5.1-10.0 m/s er hinsvegar tíðastur kl. 15-16, 37.2%, en sjaldgæfastar kl. 06-07, 25.6%. Er þetta tiltölulega lítill munur og t.d. miklu minni en að Gröf í Miðfirði, þar sem sams konar mælingar hafa farið fram.

Á 16. mynd er svo sýndur meðalvindhraði hverrar áttar á vetrar- og sumarhelmingi ársins. Hver átt nær þar yfir 10 gráður og eru þær því 36 talsins.

Á vetrarhelmingi ársins má sjá að meðalvindhraði er annars vegar hæstur í suðaustlægu áttunum 145-185 gráður, en hins vegar í áttum frá vestri til norð-norðausturs eða nánar tiltekið í 130 gráða geiranum 265-035 gráður. Í öllum þessum áttum er meðalvindhraðinn að vetrarlagi yfir 8.0 m/s. Með meðalvindhraða undir 6.0 m/s eru hinsvegar áttageirarnir 055-125 gráður og 205-265 gráður.

Á sumarhelmingi ársins er meðalvindhraði lægri í öllum áttum en á vetrarhelmingi þess. Munurinn er þó hverfandi lítill í suð-suðvestan áttum (195-215 gráður) en mestur er hann frá vestri til norð-norðausturs (265-035 gráður). Mestur á sumarhelmingi ársins og yfir 6.0 m/s er meðalvindhraðinn í geiranum 145-205 gráður en hann er um eða undir 3.0 m/s í geirunum 075-115 gráður og 225-285 gráður.

Á 17. mynd er að lokum sýndur meðalvindhraði að degi (kl. 12, 15 og 18) og nóttu (kl. 00, 03 og 06) á sumarhelmingi ársins. Eins og myndin sýnir er um eða yfir 2 m/s hvassara síðdegis en að nótturni í mörgum áttum. Þetta á t.d. við í áttunum 45-135 gráður og 205-225 gráður. Í öðrum áttum er munurinn lítill eða óreglulegur og á það einkum við geirann 255-035 gráður. Gætir hér mjög áhrifa daglegs gangs í tíðleika vindáttanna. Að hásumrinu, í mánuðunum júní-ágúst, er munur enn meiri í sumum áttum og meira en 3 m/s hærri meðalvindhraði síðdegis en að nóttu, en í öðrum áttum er munurinn mjög lítill og óreglulegur eins og þegar hefur verið bent á.

HÖNNUNARVINDHRAÐI

Venja er við hönnun mannvirkja að taka mið af mesta vindhraða sem vænta má efnu sinni á löngu árabili, t.d. 50 árum. Er þá oftast miðað við snöggar vindhviður, sem vara um það bil 3 sekúndur. Áratuga vindhviðumælingar þarf ef vel á að vera, til að unnt sé að reikna út vindhviður með löngum endurkomutíma, og ekki er kunnugt um að neinar vindhviðumælingar eða aðrar langvarandi vindhraðamælingar hafi farið fram í nágrenni Húsavíkur.

Í íslenskum staðli ÍST 12.3 er gert ráð fyrir að hönnunarvindhraði með 50 ára endurkomutíma eða árlegri tíðni 0.02 sé um 51 m/s í 10 m hæð yfir jörð við strendur landsins. Til grundvallar staðlinum liggur gróft mat Veðurstofunnar byggt á fátæklegum mælingum hér á landi og samanburði við aðstæður og mælingar við strendur Skotlands og á austurströnd Kanada. Ýmislegt bendir nú til að þetta mat sé í lægra lagi, en endurmat og endurreikningar hafa þó ekki farið fram enn sem komið er. Ekki er ólíklegt að nýtt mat gæti legið nokkru hærra eða á bilinu 52-56 m/s. Er þá miðað við 10 m hæð yfir flatlendi við strendur landsins en næsta nágrenni fjalla undanskilið. Af eðlilegum ástæðum er þó ekki unnt að fullyrða um þetta að svo stöddu. Þess er og að gæta að hámarks vindhraði er mjög háður staðháttum, og er því skynsamlegt að láta staðbundið mat eða mælingar fara fram ef meiri háttar mannvirki eru ráðgerð.

TÖFLUR 14 - 19

OG

MYNDIR 1 - 19

TAFLA 14

TÍÐNIDREIFING VINDHRAÐA OG VINDÁTTA, %
MEÐALVINDHRAÐI EFTIR VINDÁTT

HÉÐINSHÖFÐI: 01.10.1981 - 30.09.1983

ALLT ÁRIÐ

VINDÁTT	VINDHRAÐI Í M/S							MEÐAL VIND- HRAÐI
	0.0-	5.1-	10.1-	15.1-	>20.0	SAMTALS	> 5.1	
	5.0	10.0	15.0	20.0			M/S	
N 35-01	7.4	3.1	1.4	0.3	0.0	12.2	4.8	5.5
N30°A 02-04	4.9	3.8	2.0	0.3		11.0	6.1	6.5
N60°A 05-07	4.1	2.8	0.4	0.1		7.4	3.3	5.0
A 08-10	5.1	1.2	0.3	0.1		6.7	1.6	3.7
A30°S 11-13	7.1	2.5	0.6	0.1		10.3	3.2	4.3
A60°S 14-16	4.8	7.9	3.3	0.5	0.1	16.6	11.8	7.4
S 17-19	4.7	4.5	3.0	0.6	0.0	12.8	8.1	7.4
S30°V 20-22	2.4	1.4	0.7	0.1		4.6	2.2	5.7
S60°V 23-25	1.9	0.4	0.1			2.4	0.5	3.5
V 26-28	1.7	0.3	0.1	0.1		2.2	0.5	3.9
V30°N 29-31	1.8	1.8	0.9	0.1		4.6	2.8	6.6
V60°N 32-34	3.7	3.4	1.9	0.1		9.1	5.4	6.6
BREYTILEG ÁTT	0.1					0.1		1.7
SAMTALS	49.7	33.1	14.7	2.4	0.1	100.0	50.3	6.0

TAFLA 15

TÍNIDREIFING VINDHRAÐA OG VINDÁTTA, %
MEÐALVINDHRAÐI EFTIR VINDÁTT

HÉÐINSHÖFÐI: 01.10.1981-30.09.1983

VETRARHELMINGUR ÁRS

VINDÁTT	VINDHRAÐI Í M/S							MEÐAL VIND- HRAÐI M/S
	0.0-		5.1-		10.1-		15.1-	
	5.0	10.0	15.0	20.0	>20.0	SAMTALS	> 5.1	
N 35-01	1.7	2.2	1.9	0.5	0.1	6.4	4.7	8.6
N30°A 02-04	3.0	4.5	3.2	0.5		11.2	8.2	8.1
N60°A 05-07	3.7	3.1	0.7	0.2		7.7	4.0	5.8
A 08-10	5.3	1.5	0.6	0.2		7.6	2.3	4.3
A30°S 11-13	8.0	3.4	1.1	0.2		12.7	4.7	4.8
A60°S 14-16	5.4	9.9	5.5	0.9	0.2	21.9	16.5	8.1
S 17-19	4.6	3.9	4.9	1.1	0.1	14.6	10.0	8.4
S30°V 20-22	1.8	1.1	0.7	0.1		3.7	1.9	6.0
S60°V 23-25	0.8	0.5	0.1			1.4	0.6	5.2
V 26-28	0.4	0.5	0.3	0.1		1.3	0.9	7.9
V30°N 29-31	0.8	1.8	1.2	0.2		4.0	3.2	8.5
V60°N 32-34	1.6	3.2	2.4	0.2		7.4	5.8	8.5
BREYtileg ÁTT	0.1					0.1		1.7
SAMTALS	37.2	35.6	22.6	4.2	0.4	100.0	62.8	7.2

TAFLA 16

**TÍÐNIDREIFING VINDHRAÐA OG VINDÁTTA, %
MEÐALVINDHRAÐI EFTIR VINDÁTT**

HÉÐINSHÖFÐI: 01.10.1981 - 30.09.1983

SUMARHELMINGUR ÁRS

VINDÁTT	VINDHRAÐI Í M/S							MEÐAL VIND- HRAÐI
	0.0-	5.1-	10.1-	15.1-	>20.0	SAMTALS	> 5.1	
	5.0	10.0	15.0	20.0				M/S
N	35-01	13.3	4.1	0.8	0.1	0.0	18.3	5.0 4.4
N30°A	02-04	6.9	3.1	0.8	0.2		11.0	4.1 4.8
N60°A	05-07	4.6	2.5	0.1			7.2	2.6 4.2
A	08-10	4.9	0.8				5.7	0.8 2.8
A30°S	11-13	6.3	1.6				7.9	1.6 3.4
A60°S	14-16	4.1	5.8	1.1	0.1		11.1	7.0 6.2
S	17-19	4.7	5.1	1.0	0.2		11.0	6.3 6.0
S30°V	20-22	3.0	1.8	0.8	0.0		5.6	2.6 5.5
S60°V	23-25	3.0	0.3				3.3	0.3 2.7
V	26-28	3.1	0.0	0.0			3.1	0.0 2.2
V30°N	29-31	2.8	1.7	0.6			5.1	2.3 5.1
V60°N	32-34	5.8	3.6	1.3	0.0		10.7	4.9 5.4
BREYtileg átt								
SAMTALS	62.5	30.4	6.5	0.6	0.0	100.0	37.5	4.7

TAFLA 17

**MEDALVINDHRAÐI Í 2 M HÆÐ, M/S
DAGLEGUR OG ÁRLEGUR GANGUR**

HÉÐINSHÖFÐI: 01.10.1981 - 30.09.1983

	ATHUGUNARTÍMAR									MEDAL-TAL
	00-01	03-04	06-07	09-10	12-13	15-16	18-19	21-22		
Janúar	7.0	6.6	6.5	6.4	6.1	6.6	7.1	7.2		6.7
Febrúar	8.2	7.9	8.2	8.2	8.3	8.4	8.4	8.1		8.2
Mars	7.3	7.3	7.3	7.7	7.1	7.0	7.0	7.0		7.2
Apríl	6.5	6.4	6.4	6.8	6.7	6.7	6.1	6.0		6.5
Maí	4.2	3.6	4.1	4.7	4.9	5.3	4.7	4.4		4.5
Júní	3.0	3.2	3.3	3.8	5.2	4.9	4.2	3.6		3.9
Júlí	4.1	4.3	4.1	4.8	4.7	5.1	4.9	4.2		4.5
Ágúst	3.9	4.1	4.0	4.3	4.7	4.8	4.6	4.0		4.3
September	4.4	4.3	4.0	3.9	4.4	4.8	4.4	4.4		4.3
Október	5.7	6.0	5.8	6.1	5.4	4.9	5.5	5.7		5.6
Nóvember	7.7	7.0	6.9	7.2	7.9	7.5	7.4	7.6		7.4
Desember	8.2	7.9	7.7	7.9	7.6	7.8	7.8	8.4		7.9
Árið	5.9	5.8	5.8	6.0	6.1	6.2	5.9	5.9		6.0

TAFLA 18

TÍÐNIDREIFING VINDHRADA, % DAGSVEIFLA Á VETRARHELMINGI ÁRS

HÉDINSHÖFÐI: 01.10.1981 – 30.09.1983

TAFLA 19

TÍÐNIDREIFING VINDHRADA, % DASVETIFLA Á SUMARHELMINGI ÁRS

HÉDINSHÖFÐI: 01.10.1981 - 30.09.1983

ÓHÁÐ VINDHRAÐA
--- VINDHRAÐI $> 5,0 \text{ m/s}$

HÉÐINSHÖFÐI
TÍÐLEIKI VINDÁTTA, ALLT ÁRHÐ, %

30

MÆLINGATÍMABIL

1.10.1981 – 30.9. 1983

360°

N

7

6

5

4

3

2

1

0

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

11

12

13

14

15

16

17

18

19

20

21

22

23

24

25

26

27

28

29

30

31

32

33

34

35

36

37

38

39

40

41

42

43

44

45

46

47

48

49

50

51

52

53

54

55

56

57

58

59

60

61

62

63

64

65

66

67

68

69

70

71

72

73

74

75

76

77

78

79

80

81

82

83

84

85

86

87

88

89

90

91

92

93

94

95

96

97

98

99

100

1.

MYND


— ÓHÁÐ VINDHRAÐA
--- VINDHRAÐI > 5,0 m/s

HÉÐINSHÖFÐI

TÍÐLEIKI VINDÁTTA VE TRARHELMINGUR, %

MÆLINGATÍMABIL

1.10.1981 – 30.9.1983



2. MYND

ÓHÁÐ VINDHRAÐA

VINDHRAÐI > 5.0 m/s

HÉÐINSHÖFÐI

TÍÐLEIKI VINDÁTTA, SUMARHELMINGUR, %

MÆLINGATÍMABIL

1.10.1981 – 30.9.1983

360°

N

7

6

5

4

3

2

1

V

A

S

3. MYND

--KL 12, 15, 18 GMT


--KL 00, 03, 06 GMT

HÉÐINSHÖFÐI
TÍÐLEIKI VINDÁTTA, SUMARHELMINGUR, %

33

MÆLINGATÍMABIL

1.10.1981 – 30.9.1983




— ÓHÁÐ VINDHRAÐA
--- VINDHRAÐI > 5,0 m/
s

HÉÐINS HÖFFDI
TÍÐLEIKI VINDÁTTA
JÚNÍ – ÁGÚST. KL 12, 15, 18, %

34

MÆLINGATÍMABIL

1.10.1981 – 30.09. 1983



— ÓHÁÐ VINDHRAÐA
--- VINDHRAÐI > 5,0 m/s

HÉDINSHÖFFDI
TÍÐLEIKI VINDÁTTA
JÚNÍ-ÁGÚST, KL 00,03,06, %

35

MÆLINGATÍMABIL

1.10.1981 – 30.09.1983

360°

N

7

6

5

4

3

2

1

V

A

S

6. MYND

— 1971 - 1980
-- 1/10'81-30/9'83


MÁNÁRBAKKI
TÍÐLEIKI VINDÁTTA, ALLT ÁRIÐ, %

LOGN OG BREYtileg átt

360°

1971-1980: 10,8 %

1/10'81-30/9'83: 10,3 %



7. MYND

1971-1980

--- 1/10'81-30/9'83

MÁNÁRBAKKI

TÍÐLEIKI VINDÁTTA, VETRARHELMINGUR, %


37

LÖGN OG BREYtileg ÁTT

360°

1971-1980: 6,8 %

1/10'81-30/9'83: 6,3%



8. MYND

1971 - 1980
1/10'81 - 30/9'83

MÁNÁRBAKKI
TÍÐLEIKI VINDÁTTA, SUMARHELMINGUR, %


38

LOGN OG BREYtileg átt

360°

1971-1980 : 14,8 %

1/10'81 - 30/9'83: 14,2 %



9. MYND

— 1971–1980
— 1/10'81–30/9'83

HÚSAVÍK

TÍÐLEIKI VINDÁTTA, ALLT ÁRID, %

39

LOGN OG BREY TILEG ÁTT

1971–1980: 13,1%

1/10'81–30/9'83: 16,2%

360°

10,1

N

11,7

7

6

5

4

3

2

1

V

10,8

S

10,8

11,3

10. MYND

1971-1980
1/10'81-30/9'83

HÚSAVÍK

TÍÐLEIKI VINDÁTTA, VETRARHELMINGUR, %


40

LOGN OG BREYtileg átt

360°

1971-1980: 8,8 %

1/10'81-30/9'83: 13,1 %



11.MYND

— 1971-1980

— 1/10'81-30/9'83

41

HÚSAVÍK
TÍÐLEIKI VINDÁTTA, SUMARHELMINGUR, %


13,7 13,8

36°

LOGN OG BREYtileg átt

1971-1980: 17,3 %

1/10'81-30/9'83: 19,3 %



12. MYND

1971 - 1980

1/10'81-30/9'83

28,4
28,1

SANDUR Í ADALDAL

TÍDLEIKI VINDÁTTA, ALLT ÁRIÐ, %

LOGN OG BREYtileg átt

1971-1980 : 11,1%

1/10'81-30/9'83: 75 %

360°

N

14

12

10

8

6

4

2

0

2

4

6

8

10

12

14

16

18

20

22

24

26

28

30

32

34

36

38

40

42

44

46

48

50

52

54

56

58

60

62

64

66

68

70

72

74

76

78

80

82

84

86

88

90

92

94

96

98

100

102

104

106

108

110

112

114

116

118

120

122

124

126

128

130

132

134

136

138

140

142

144

146

148

150

152

154

156

158

160

162

164

166

168

170

172

174

176

178

180

182

184

186

188

190

192

194

196

198

200

202

204

206

208

210

212

214

216

218

220

222

224

226

228

230

232

234

236

238

240

242

244

246

248

250

252

254

256

258

260

262

264

266

268

270

272

274

276

278

280

282

284

286

288

290

292

294

296

298

300

302

304

306

308

310

312

314

316

318

320

322

324

326

328

330

332

334

336

338

340

342

344

346

348

350

352

354

356

358

360

362

364

366

368

370

372

374

376

378

380

382

384

386

388

390

392

394

396

398

400

402

404

406

408

410

412

414

416

418

420

422

424

426

428

430

432

434

436

438

440

442

444

446

448

450

452

454

456

458

460

462

464

466

468

470

472

474

476

478

480

482

484

486

488

490

492

494

496

498

500

502

504

506

508

510

512

514

516

518

520

522

524

526

528

530

532

534

536

538

540

542

544

546

548

550

552

554

556

558

560

562

564

566

568

570

572

574

576

578

580

582

584

586

588

590

592

594

596

598

599

600

601

602

603

604

605

606

607

608

609

610

611

612

613

614


SANDUR Í AÐALDAL
TÍÐLEIKI VINDÁTTA VETRARHELMINGUR, %

— 1971-1980
- - - 1/10'81-30/9'83

LOGN OG BREY TILEG ÁTT

1971-1980: 8.8%

1/10'81-30/9'83: 4.8%




— 1971 – 1980
--- 1/10'81 – 30/9'83
41,9
41,3

SANDUR Í AÐALDAL
TÍÐLEIKI VINDÁTTA, SUMARHELMINGUR, %

44

LOGN OG BREYtileg átt
1971– 1980 : 13,4%
1/10'81 – 30/9'83 : 10,3%




HÉÐINSHÖFÐI

MEDALVINDHRAÐI EFTIR VINDÁTT, 01.10.81 - 30.09.83, M/S


— VETRARHELMINGUR ÁRS


- - - SUMARHELMINGUR ÁRS




HÉÐINSHÖFÐI

MEÐALVINDHRAÐI EFTIR VINDÁTT, 01.10.'81 - 30.09.'83, M/S







H E I M I L D I R

1. Veðráttan. Tímarit Veðurstofu Íslands - mánaðar- og ársyfirlit. Reykjavík.
2. Markús Á. Einarsson: Veðurfar á Íslandi. Íðunn, Reykjavík, 1976.
3. Jón Eyþórsson og Hlynur Sigtryggsson: The Climate and Weather of Iceland = The Zoology of Iceland, Volume I, Part 3. Munksgaard, Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1971.
4. Hreinn Hjartarson og Flosi Hrafn Sigurðsson: Vindmælingar að Gröf í Miðfirði. Veðurstofa Íslands, Reykjavík, 1983.
5. Húsavík. Náttúrufar og minjar. Unnið fyrir Staðarvalsnefnd um iðnrekstur af Náttúrugripasafninu á Akureyri. Staðavalsnefnd um iðnrekstur, 1984.
6. Dan Ghiocel og Dan Lungu: Wind, Snow and Temperature Effects on Structures Based on Probability. Ensk útgáfa, Abacus Press, 1975.
7. Vinnuskjöl í áhaldadeild og veðurfarsdeild Veðurstofu Íslands.